## Lýðræðisstefna Garðabæjar - Aðgerðaráætlun 2022-2024 / Viðauki 3 - drög febrúar 2022

Með aðgerðaráætlun eru leiðir útfærðar til að ná meginmarkmiðum lýðræðisstefnu Garðabæjar. Markmið eru unnin út frá áhersluþáttum sem koma fram undir meginmarkmiðum stefnunnar. Aðgerðaráætlun er háð fjárveitingu hvers árs og mannafla til að halda utanum verkefnin.

| | |
|---|---|
| (grár) | Núverandi verkefni |
| (gulur) | Ný verkefni |

### ÞÁTTTAKA

| NR. | Markmið | Heimsmarkmið | Aðgerð / Framkvæmd | Ábyrgð | Tímarammi |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Að allir íbúar hafi möguleika á að taka þátt í lýðræðisferlum | | ▪Unnin verði samantekt á fjölbreyttum lýðræðisleiðum sem tryggir öllum íbúum tækifæri til að taka þátt í fjölbreyttum lýðræðisverkefnum.<br><br>▪Lýðræðisleiðirnar verði aðgengilegar öllum, íbúum, hagsmunaaðilum starfsmönnum og kjörnum fulltrúum<br><br>▪Upplýsingagjöf og aðferðir taki mið af þörfum ólíkra hópa s.s. erlendra íbúa, fatlaðs fólks, barna og eldri borgara. | Öll fagsvið og nefndir | Stöðugt |
| 2 | Efla lýðræðislega ákvarðanatöku á vinnustöðum sveitarfélagsins | | ▪Innri verkferlar verða rýndir með það að markmiði að hvetja til aukinnar ákvarðanatöku starfsmanna í málefnum sem snúa að þeim.<br>▪Efla samtal við starfsmenn við ákvarðanatöku. | Fjármála- og stjórnsýslusvið, mannauðs- og kjaradeild | Stöðugt |
| 3 | Þróa fjölbreytta samráðsferla við ákvarðanatöku og stefnumótun. | | ▪Greina hvaða fjölbreyttu samráðsferlar eru til hérlendis og erlendis.<br><br>▪Hvað er nýtt í þessum málaflokki og er að reynast vel.<br><br>Samráðsferlar mismunandi málaflokka verði aðgengilegir bæjarbúum. | Fjármála- og stjórnsýslusvið, upplýsingadeild | 2022 |
| 4 | Mæla þátttöku í lýðræðisverkefnum | | ▪Setja upp mælikvarða í lýðræðisverkefnum | Fjármála- og stjórnsýslusvið, upplýsingadeild | Stöðugt |
| 5 | Að leita leiða með ungmennaráði til að efla lýðræðislega þátttöku barna og ungmenna. | | ▪Sett verði af stað tilraunaverkefni með Ungmennaráði, sem feli í sér gerð á tillögum að leiðum til að efla lýðræðislega þátttöku hjá ungmennum.<br><br>▪Í upphafi hvers tímabils ungmennaráðs verði fundað með þeim og farið yfir leiðir til aukinnar lýðræðislegrar þátttöku.<br><br>▪Virkja Ungmennaráð og skilgreina hlutverk þess innan stjórnsýslunnar.<br><br>Efla starf ungmennaráðs í anda barnasáttmálans. | Fræðslu- og menningarsvið | Stöðugt |

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

## ÞEKKING

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 6 | Efla fræðslu og miðlun um málefni sveitarfélagsins | | ▪,,Stefnumót við Garðabæ"<br>Árlegt opið hús á bæjarskrifstofu þar sem stjórnsýslan, svið og nefndir kynna verkefni sem eru í vinnslu og annað áhugavert.<br><br>▪Við endurskoðun lýðræðisstefnu og aðgerðaráætlun við upphaf hvers kjörtímabils verða opnir fundir um lýðræðislega nálgun í sveitarfélaginu og kynningu á straumum og stefnu í málaflokknum.<br><br>▪Miðlun upplýsinga verði á feiri en einu tungumáli.<br><br>▪Upplýsingagjöf til nýrra íbúa.<br><br>▪Upplýsingagjöf vegna framkvæmda og skipulags. | Öll fagsvið | Árlega |
| 7 | Þjálfun og fræðsla fyrir stjórnmálamenn og tarfsmenn stjórnsýsl til að leiða lýðræðisferla | | ▪Kynningar og námskeið fyrir kjörna fulltrúa og starfsmenn stjórnsýslu | Fjármála- og stjórnsýslusvið | Einu sinni á kjörtímabili |
| 8 | Efla þekkingu barna í leik- og grunnskólum á lýðræði. | | ▪Leik- og grunnskólar leggi áherslu á að fræða börn um sjálfbæra þróun, gagnrýna hugsun og kenni börnum að tjá skoðanir sínar og taka þátt í rökræðu. | Fræðslu- og menningarsvið | Stöðugt |

## ÞRÓUN

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | Að þróa þjónustu í samráði við notendur | | ▪Viðhorfskannanir<br>▪Rýnihópar kallaðir til eftir þörfum<br>▪Samvinna við notendur þjónustunnar (notendaráð) | Upplýsingadeild | Reglubundið |
| 10 | Efla stafræna þróun stjórnsýslunnar | | ▪Þátttaka í verkefnum á vegum SSH/Sambands íslenskra sveitarfélaga | Upplýsingadeild | Reglubundið |
| 11 | Efla áhuga, hæfni og þekkingu íbúa til þátttöku í stafrænum lýðræðis- og samráðsferlum með ólíkum leiðum | | ▪Greina leiðir til að efla áhuga og þekkingu íbúa til aukinnar þátttöku og áhuga á lýðræðis- og samráðsferlum.<br>▪Leggja fram tillögur að nýjum nálgunum. | Öll fagsvið og nefndir | Reglubundið |
| 12 | Meta árangur lýðræðisferla með reglubundnum hætti | | ▪Árangur kynntur í bæjarráði | Fjármála- og stjórnsýslusvið | Reglubundið |
| 13 | Setja fram leiðir til að auka samtal við íbúa í hverfum Garðabæjar | | ▪Unnin verði greining á leiðum til aukins samtals við íbúa hverfa s.s. hverfaráð og hverfasamtöl | Stýrihópur | 2022 |
| 14 | Skýrt verklag í samráði og upplýsingagjöf sviða og nefnda Garðabæjar | | ▪Hvert svið og nefndir vinni verklag um skýrar samráðsleiðir og upplýsingagjöf til íbúa og hagsmunasamtaka tengt þeim verkefnum sem tilheyra hverju sviði.<br>▪Unnið við upphaf hvers kjörtímabils | Öll fagsvið og nefndir | Reglubundið |

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03 2026